


SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



GERÐU OKKUR TILBOÐ

TAL

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

7. febrúar 2011
31. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Glæsileg keppni
Kolbrún Ýr Sturludóttir
sigraði Fordkeppnina um
helgina.
fólk 20




Handklæði sem ilma
Scintilla hlaut tíu
milljón króna styrk frá
Tækniþróunarsjóði Rannís.
allt 2

Torres fékk á baukinn



Fyrrum
liðsfélagar
Fernando
Torres létu
hann éta
stóru orðin í
gær.
sport 26

veðrið í dag



ÉLJAGANGUR norðanlands en
bjart veður sunnan til. Fremur læg
norðlæg átt og frost á bilinu 0 til
10 stíg.

VEÐUR 4



UGLA SAT Á KVISTI Önnu Björgu Kristbjörnsdóttur, íbúa í Gerðhömrum í Grafarvogi brá í brún þegar hún kom heim til sín í gær og sá þá branduglu sitja í rólegheitum á grindverki við heimili hennar, en sjaldgæft er að uglur séu á ferðinni í björtu. Uglan var mjög spök og hreyfði sig ekki fyrir en ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.
Sjá síðu 4

Lán fyrir Búðarháls bíða Icesave-lausnar

Forstjóri Landsvirkjunar telur að fjármögnun Búðarhálsvirkjunar ljúki á næstu vikum ef tekst að ljúka Icesave-deilunni. Samningaviðræður eru langt komnar.

ORKUMÁL Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, telur að lokið verði við fjármögnun Búðarhálsvirkjunar á næstu vikum. Lausn Icesave-deilunnar, sem nú hillir undir, gæti haft úrslitaáhrif.

Vegna óvissu um fjármögnun Búðarhálsvirkjunar ákváð Landsvirkjun fyrir ári síðan að hefjast handa við undirbúningsframkvæmdir með eiginfé fyrirtækisins. Þá stóðu yfir viðræður við Evrópska fjárfestingabankann og íslenska lífeyrissjóði vegna fjármögnunar verkefnisins en staða þjóðmála, og þá ekki síst Icesave-deilan, stóðu í veginum. „Fleiri

erlendir bankar hafa komið inn í þessa mynd síðan; við erum að tala við þrjá, fjóra erlenda banka núna,“ segir Hörður.

Spurður hvort lánasamningar liggi ekki á borðinu og þeir verði undirritaðir um leið og Icesave-málið er úr sögunni, segir Hörður að hann vilji ekki fullyrða slíkt. „Það getur alltaf eitthvað annað komið upp. En það er rétt að viðræður við erlenda banka eru á lokastigi,“ segir Hörður. „Við teljum að fjármögnun í gegnum fjármálastofnanir muni ganga eftir á næstu vikum ef tekst að ljúka Icesave-deilunni.“

Landsvirkjun og Ístak undirrituðu samkomulag á dögunum sem felur í sér að vinna við Búðarhálsvirkjun er sett í fullan gang.

„Út frá hagsmunum fyrirtækisins tel ég það afar jákvætt að leysa þetta Icesave-mál,“ segir Hörður. „Þetta mun örugglega auðvelda okkur fjármögnun, og þá ekki bara fyrir Búðarháls heldur fyrir öll önnur verkefni sem við erum með í skoðun. Lausn þessa máls hefði líka jákvæð áhrif á lánshæfismat fyrirtækisins og íslenska ríkisins sem myndi hafa jákvæð áhrif á aðgengi að fjármagni fyrir öll íslensk fyrirtæki.“
- sh

Íslenski hesturinn í FarmVille: Landkynning í sýndarheimi

FÓLK Notendur leiksins FarmVille á Facebook geta nú keypt íslenska hestinn.

FarmVille er einn vinsælasti tölvuleikur heims, en um 60 milljónir manna um allan heim spila hann reglulega, sem er um tíu prósent af notendum Facebook. Í leiknum sér fólk um rekstur bóndabæjar með öllu sem því fylgir, en samskipti við aðra Facebook-notendur eru stór hluti af leiknum.

„Þetta er náttúrulega alveg mögnuð markaðssetning,“ segir Hulda Gústafsdóttir, annar eigandi Hestvits, sem sér meðal annars um útflutning á hestum.

- afb / sjá síðu 30



HULDA GÚSTAFSDÓTTIR

Formaður Sjálfstæðisflokks: Efins um annað þjóðaratkvæði

STJÓRNMÁL Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er efins um að

rétt sé að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninginn sem nú liggur fyrir. Þetta kemur fram í viðtali við hann í Fréttablaðinu í dag, þar sem hann ræðir þá ákvörðun sína að styðja samþykkt samningsins.

Bjarni hefur sætt mikilli gagnrýni vegna málsins, og í leiðara Morgunblaðsins kallaði fyrrverandi formaður flokksins hann meðal annars vikapilt Steingrims J. Sigfússonar. Spurður hvernig hann taki slíkum orðsendingum svarar Bjarni: „Ég læt þær sem vind um eyrun þjóta.“
- sh / sjá síðu 6



BJARNI BENEDIKTSSON

Knorr kemur með góða bragðið!

Brauðostur á tilboði
Nú færðu Brauðost 26% í sérmerktum kílóastykkjum á 20% lægra verði í næstu verslun!

TENGI
TILBOÐ VIKUNNAR
Flipper 1 baðhurð frá Ferbox
Verð: 29.900,- kr
6mm hert öryggisgler

Smiðjuvegi 76 | Baldursnesi 6
Kópavogi | Akureyri
Sími 414 1000 | Sími 414 1050

Android daggar hjá Nova!



Tölvupósturinn

facebook

1.000 kr. símnokkun á mán. í 12 mán. fylgir öllum Android farsímum hjá Nova!

HTC Wildfire

ANDROID 2.1

- Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 3,2" snertiskjár
- 5,0 MP myndavél

1.000 kr. símnokkun á mán. í 12 mán. fylgir!

4.990 kr.

á mánuði í 12 mánuði
Staðgreitt: 58.990 kr.

Gildir með áskrift og frelsi.



foursquare

Staðsetningarforrit

Google™ maps

Götu- og stjórnukort



Android Market

Yfir 200.000 frí forrit (apps)

LG Optimus One

ANDROID 2.2

- Google Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 3,2" snertiskjár
- 3,0 MP myndavél

1.000 kr. símnokkun á mán. í 12 mán. fylgir!

3.990 kr.

á mánuði í 12 mánuði
Staðgreitt: 44.990 kr.

Gildir með áskrift og frelsi.



Samsung Galaxy

ANDROID 2.1

- Android snjallsími
- Wi-Fi og GPS
- 2,8" snertiskjár
- 2 MP myndavél

1.000 kr. símnokkun á mán. í 12 mán. fylgir!

3.390 kr.

á mánuði í 12 mánuði
Staðgreitt: 39.990 kr.

Gildir með áskrift og frelsi.



Stærsti skemmtistaður i heimi!

NOVA

Verðslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Netið í farsímanum fylgir hjá viðskiptavinum í áskrift (150 MB/mán.), en í frelsi kostar dagurinn aðeins 20 kr. (5 MB).
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkortu + 250 kr./mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er óþýrara að staðgreiða!

Opnir fundir með nýjum stjórnendum Landsbankans

Egilsstaðir Hótel Hérað
Mánudagur 7. febrúar kl. 20.00

Selfoss Hótel Selfoss
Þriðjudagur 8. febrúar kl. 20.00

Hafnarfjörður Bæjarbío
Miðvikudagur 9. febrúar kl. 20.00

Akranes Bíóhöllin
Fimmtudagur 10. febrúar kl. 20.00

Reykjanesbær Duushús
Mánudagur 14. febrúar kl. 20.00

Reykjavík Grand Hótel
Þriðjudagur 15. febrúar kl. 17.00

Höfn í Hornafirði Nýheimar
Fimmtudagur 17. febrúar kl. 20.00

Skráning á landsbankinn.is
og í 410 4000 – **allir velkomnir!**

Nýir stjórnendur kynna nýja stefnu bankans og framtíðarsýn, breytingar sem orðið hafa og aðgerðalista næstu mánaða. Við viljum hlusta eftir skoðunum og viðbrögðum ykkar, eigenda bankans, til að efla bankann enn frekar. **Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.**

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans
á opnum fundi á Akureyri 3. febrúar.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



Tenerife

Lloret de Mar

Barcelona

Orlando

Benidorm - Albir

Hopp og hí og allir fara í Sumarfrí!



Tenerife

Sannkölluð paradís fyrir vandláta. Eyjan tilheyrir Kanaríeyjaklasanum en nýtur afgerandi sérstöðu fyrir einstakt náttúrufar og veðursæld, hreinleika og frábæran aðbúnað.

VERÐ FRÁ: **92.000kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Parque de las Americas. Brottför: 28. maí.



NÝTT!

Lloret de Mar

Fallegur og heillandi strandbær. Löng og góð baðströnd, sem hefur hlotið viðurkenningu fyrir snyrtimennsku. Þar er fjöldi veitingahúsa, skemmtistaða og fjölbreytt úrval verslana.

VERÐ FRÁ: **99.500kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í börn í herbergi með morgunverði á Hotel Cleopatra Spa. Brottför: 17. júní.



NÝTT!

Barcelona

Heillandi heimsborg, iðandi af lífi og uppfyll af menningu. Næturlífið spannar allt litrófið og er kröftugt og fjörmikið. Borg til að skoða, skemmta sér, snæða góðan mat og kaupa hátískuvörur á góðu verði.

VERÐ FRÁ: **99.900kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna saman í herbergi með morgunverði á Hotel Catalonia Aragon. Brottför: 17. júní.



Orlando

Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Slakaðu á, njóttu sólarinnar, útsýnisins og endalausrar skemmtunar sem borgin hefur upp á að bjóða.

VERÐ FRÁ: **99.900kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með morgunverði á Baymont Inn. Brottför: 26. mars. Verð m.v. 2 fullorðna: 125.000.-



Benidorm - Albir

Benidorm og Albir sameina notalegt strandlíf og fjörukt næturlíf. Fólk flykkist þangað til að njóta tilverunnar. Þar mætast ungir sem aldnir í og samlyndi og allir finna dægurvöl við sitt hæfi.

VERÐ FRÁ: **99.990kr.***
7 nætur

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum á La Colina, Albir. Brottför: 26. júní.



MEIRA Á
urvalutsyn.is



* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

Til sölu: hlaupaköttur

Tilboð óskast í 5 tonna
Kone hlaupakött.

Hafið samband í síma 896 1000

Erindi á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa:
Hafliði Sævarsson - Ísland og Kína:
Uppbygging, umsvif og áherslur

Miðvikudagur 9. febrúar kl. 12:00
Aðalbygging HÍ, st. 220
Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Fjallað verður um íslensk
umsvif í Kína, þá
uppbyggingu sem orðið
hefur og líklegar áherslur
þegar horft er fram á veginn

Hafliði Sævarsson er menningar- og
viðskiptafulltrúi íslenska sendiráðsins í
Peking

Kínversk fræði við
HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is



Að venju verður
kvikmyndasýning
kl. 17:30 á fimmtudaginn:
Venjuleg uppskerutið úr
heimildamyndaröðinni
China Screen. Sjá nánar á
www.konfusius.hi.is

北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN
NORDURLJÓSA

Niðurstaða í hlutabréfalánamálum fyrrverandi starfsmanna Kaupþings í apríl:

Margir eru búnir að semja

VIÐSKIPTI Búið er að gera upp í málum 24 fyrrverandi starfsmanna Kaupþings af þeim sextíu sem fengu lán til kaupa á hlutabréfum bankans fyrir fall hans haustið 2008. Mörg þeirra mála sem út af standa eru í samningaferli.

Slitastjórnin rifti um mitt síðasta ár ákvörðun stjórnar gamla Kaupþings, sem felldi niður persónulega ábyrgð starfsmanna bankans vegna hlutabréfalána. Heildarfjárhæð lána nam 32 milljörðum króna og voru 15 milljarðar með persónulegri ábyrgð. Slitastjórn Kaupþings telur að tíu fyrrverandi lykilstjórn-

endur bankans standi á bak við um 90 prósent lánanna.

Málin sem búið er að semja um varða starfsfólk bankans sem var persónulega ábyrgt fyrir lántökunni og þau tilvik sem lán höfðu verið færð inn í einkahlutafélag innan við sex mánuðum fyrir þrot bankans. Fólkinu var boðinn 65 prósent afsláttur af kröfunni. Í sumum tilvikum var afslátturinn hærrí. Stærstu málin sem varða háar lánveitingar til lykilstjórnenda Kaupþings eru fyrir dómstólum. Reiknað er með því að fyrstu dómarnir falli í mars eða apríl. - jeb



LYKILMENN Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri, flutti skuldir í einkahlutafélag árið 2006. Lán stjórnarformannsins Sigurðar Einarssonar voru í hans eigin nafni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



DR. BJÖRN ÖRVAR ORF Líftækni rekur hátæknigróðurhús í Grindavík og hyggur á frekari gróðurhúsaræktun auk uppbyggingar á úrvinnsluáðnaði í tengslum við akuryrkju. MYND/ORF

Segja rök þingmanna byggð á vanþekkingu

Framkvæmdastjóri ORF Líftækni furðar sig á þingsályktunartillögu átta þingmanna um að banna útiræktun á erfðabreyttum lífverum. Hún gangi þvert á úrskurð umhverfisráðherra um leyfi til ræktunar og vísindaleg rök.

UMHVERFISMÁL „Tillögunni er beint gegn starfsemi ORF Líftækni. Þetta eru kaldar kveðjur en við höfum ekki trú á að þessi tillaga verði samþykkt enda byggir hún ekki á vísindalegum rökum heldur á hjávisindum, misskilningi og dylgjum,“ segir dr. Björn Örvar, framkvæmdastjóri ORF Líftækni.

Átta þingmenn þriggja stjórn-málaflokka hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að lögum og reglugerðum verði breytt í þeim tilgangi að banna útiræktun á erfðabreyttum lífverum eigi síðar en 1. janúar 2012. ORF hefur um árabíl staðið fyrir tilraunaráæktun á erfðabreyttu byggi, samkvæmt leyfi frá Umhverfisstofnun. Leyfið var kært en það síðan staðfest af umhverfisráðherra fyrir skemmstu.

Í greinargerð með tillögunni

segir að í henni felist að ræktun á erfðabreyttum lífverum fari einungis fram inni í lokuðum gróðurhúsum eða tilraunastofum.

„Það má kannski segja að það sé ágætt að þessi tillaga komi fram þannig að vilji löggjafans varðandi atvinnuuppbyggingu á þessu sviði komi skýrt fram, en það er sorglegt að hún komi fram núna í kjölfar mjög faglegs úrskurðar umhverfisráðherra sem ekki féllst á að fella bæri úr gildi leyfi okkar til akuryrkju í Gunnarsholti,“ segir Björn.

Birni finnst ekki síst gagnrýniverð að þingmennirnir átta undirbyggja þingsályktunartillögu sína rökum sem sett hafa verið fram í greinaskrifum þeirra sem enga sérfræðiþekkingu hafa á efninu. „Raunverulegir fræðimenn, meðal annars í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur, hafa hins vegar

komist að því að ekki felist hætta í ræktun erfðabreytts byggs á Íslandi. Umræddir þingmenn ættu að lesa þá umsögn,“ segir Björn.

Í þingsályktunartillögunni segir að „afleiðingar erfðatækni séu enn sem komið er lítt þekktar“. Þetta er alrangt, segir Björn. „Mjög ítarlegar rannsóknir hafa farið fram á erfðabreyttum nytjaplöntum um allan heim án þess að nokkuð hafi komið fram sem bendi til neikvæðra áhrifa á umhverfið eða á heilsu manna.“

Evrópuráðið gaf nýlega út samantekt allra óháðra rannsókna á erfðabreyttum lífverum sem Evrópusambandið hefur kostað síðustu tíu ár. Niðurstaða þessara rannsókna er að ekkert bendi til þess að erfðabreyttar lífverur séu hættulegri umhverfinu eða heilsu manna en hefðbundnar nytjajurtir og lífverur, að sögn Björns.

svavar@frettabladid.is

Athugasemdir gagnrýnenda á útiræktun erfðabreyttra lífvera

Í þingsályktunartillögunni er fyrst og síðast vitnað til skrifna Dominique Plédel Jónsson og Söndru Best Jónsdóttur þegar kemur að rökum gegn útiræktun á erfðabreyttum lífverum. Forsvarsmenn ORF Líftækni hafa hins vegar hafnað þeim sama rökstuðningi alfarið eins og fram kemur í fréttinni, enda hafi Dominique og Sandra enga sérþekkingu á efninu.

Eftirfarandi vildi Dominique koma á framfæri vegna málsins:

■ Þessi þingsályktunartillaga er hugrökk og þörf á meðan ekki er vitað meira um afleiðingar þess að rækta erfðabreyttar plöntur úti í náttúrunni – varúðarreglan er ekki höfð að leiðarljósi í gegnum alþjóðasáttmála út af engu.

■ Það þarf ekki að vera vísindamaður til að átta sig á, eins og milljónir manna í Evrópu og í vaxandi mæli í Bandaríkjunum, að útiræktun erfðabreyttra plantna hefur ekki sannað skaðleysi sitt.



**DOMINIQUE
PLÉDEL JÓNSSON**

■ Á Íslandi snýst málið um mun viðtækara viðfangsefni en að leyfa eða banna ORF að rækta úti eða ekki í tilraunaskyni (leyfi ORF rennur út 2013 þegar bannið á að taka gildi).

■ Vísindaleg rök en einnig samfélagsleg og siðferðisleg eru fyrir því að leyfa ekki útiræktun á meðan hlutlausar rannsóknir eru ekki fleiri en raun ber vitni.

■ Írland, Lúxemborg, Ungverjaland, Grikkland, Noregur, og að mestu leyti Frakkland, Ítalía og Þýskaland hafa bannað útiræktun erfðabreyttra

plantna.

■ Ræktun erfðabreytts lyfjabyggs eða annarra plantna með háu verðgildi er best varin í hátæknigróðurhúsum þannig að ekki er verið að hefta þróun fyrirtækja á þessu sviði á Íslandi.

■ Viljum við sjá erfðabreytta repju eða kartöflur um allt land? Það er meira verðgildi í hreinni íslenskri framleiðslu þar sem framboð af slíkum afurðum á heimsmarkaði nær ekki að annast eftirspurn.

Hvaða tækifæri felast í ESB-aðild fyrir börn?

Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon þriðjudaginn 8. febrúar kl. 12–13.

Frummælendur

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri
Eysteinn Eyjólfsson, upplýsingafulltrúi




Allir velkomnir

xs.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



24–48% *verðmunnur*

á daggjöldum bílaleigubíla til ríkisfyrirtækja og stofnana

AVIS er ódýrari í öllum bílaflokkum

AVIS og Bílaleiga Akureyrar eru með rammisamning við Ríkiskaup um bílaleigubíla til ríkisfyrirtækja og stofnana.

Þjónusta AVIS er hröð og sveigjanleg, afgreiðsluferlið einfalt og þægilegt, og verðið allt að 48% lægra hjá AVIS.

Við hvetjum ríkisfyrirtæki og stofnanir til að fara vel með almannafé.



AVIS þjónar þér um allt land – allt árið!

www.avis.is • Sími 591 4000

AVIS

**Við
gerum
betur**

Hundrað ár frá fæðingu Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta:

Goðsögn orðin til um Ronald Reagan

WASHINGTON Ronalds Reagan var víða minnst í Bandaríkjunum í gær þegar hundrað ár voru liðin frá fæðingu hans. Reagan gegndi embætti forseta Bandaríkjanna frá 1981 til 1989 og er í dag í hópi vinsælustu forseta. Fjöldi sagnfræðinga hefur við þessi tímamót fjallað um arfleifð Reagans en mörgum þykir sem sú ímynd sem haldið er uppi af Reagan í dag eigi ekki endilega við rök að styðjast.

„Repúblikanar hafa búið til ímynd af Reagan á þá leið að hann hafi verið á móti hinu opinbera,“ segir sagnfræðingurinn Douglas Brinkley sem ritstýrði útgáfu á dagbókum Reagans. „Reagan gerði frekar kröfu um hagkvæmni í rekstri ríkisins. Hann talaði aldrei um að leggja niður

félagstryggingar eða draga verulega úr útgjöldum til heilbrigðismála, hans barátta snerist um að draga úr útgjöldum,“ segir Brinkley.

Reagan hóf þátttöku í stjórnmálum eftir farsælan feril sem leikari í Hollywood og gegndi embætti ríkisstjóra í Kaliforníu áður en hann var kjörinn forseti.

„Goðsögnin um Reagan er mjög einföld,“ segir blaðamaðurinn Will Bunch sem skrifað hefur bók um manninn. „Reagan var maður sem vann kalda stríðið, lækkaði skatta og bjargaði bandaríska hagkerfinu. Það gleymist hins vegar að hann hækkaði líka skatta og var tilbúinn til málamiðlunar væru menn honum ósammála.“

- mþl



RONALD REAGAN Reagan er meðal vinsælustu forseta Bandaríkjanna en Obama, núverandi forseti, er í hópi þeirra sem hafa lofað hann á síðustu dögum.



FÖSTUDAGSBÆNIR Írskar konur koma saman til morgunbæna fyrir utan háskólann í Teheran.

NORDICPHOTOS/AFP



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

PHOTOSHOP EXPERT

- ALVÖRU PHOTOSHOP NÁMSKEIÐ -



KENNARI NÁMSKEIÐSINS, SIGURÐUR JÓNSSON, LÆRÐI LJÓSMYNDUN Í SCHOOL OF VISUAL ARTS Í NEW YORK OG ÖÐLAÐIST MEISTARARÉTTINDI Í LJÓSMYNDUN ÁRIÐ 1989. HANN HEFUR HALDIÐ NÁMSKEIÐ Í STAFRÆNNI MYNDVINNSLU FYRIR LJÓSMYNDARAFÉLAG ÍSLANDS, LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS, MARGMIÐLUNARSKÓLANN, IÐNSKÓLANN Í REYKJAVÍK OG NÚ Í 5 ÁR HJÁ NTV.

PHOTOSHOP EXPERT

Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófilum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa, og öllum þeim aðgerðum sem áður fyrr voru framkvæmdar í myrkrakompu.

KENNSLUTILHÖGUN

Mánudaga og miðvikudaga 18-22. byrjar 21. feb. og lýkur 23. mar.

FYRIR HVERJA?

Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná dýpri þekkingu og skilningi á nær óendanlegum möguleikum þessa flotta verkfæris.

Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

INNTÖKUSKILYRÐI

Þeir sem ætla í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu.

Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem flest námsgögn eru á ensku.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIDSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Auglýsingasími

5125050



Allt sem þú þarft...



Í **CHILONGA** Stefán Jón Hafstein, umdæmisstjóri ÞSSÍ, og Helen Dzoole frá malavíska Rauða krossinum fyrir framan nýju fæðingardeildina. MYND/PÓRIR GUDMUNDSSON

Viðræður um samstarf í Malaví:

Fimm ára verkefni á teikniborðinu

HJÁLPARSTARF Dróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) undirbýr á þessu ári nýtt fimm ára verkefni í lýðheilsu með héraðsstjórn Mangochi í Malaví. Stefán Jón Hafstein, umdæmisstjóri ÞSSÍ í Malaví, segir hugmyndina þá að Rauði krossinn geti hugsanlega haft hlutverk í verkefninu. Í tilkynningu ÞSSÍ er eftir honum haft að Rauði kross Íslands hafi um nokkurra ára hríð starfað í Malaví og að reynslan af þeim verkefnum þyki góð.

„Í síðustu viku fóru fram viðræður milli fulltrúa frá íslenska Rauða krossinum og malavíska Rauða krossinum við umdæmisstjóra ÞSSÍ í Malaví um slíkt sam-

starf í Mangochi-héraði. Þórir Guðmundsson frá íslenska Rauða krossinum og Helen Dzoole frá malavíska Rauða krossinum fóru þá í vettvangsferð um Mangochi með Stefáni Jóni, sem sýndi þeim verkefni ÞSSÍ, auk þess sem þau ræddu við félagsmenn í RK í héraðinu,“ segir í tilkynningu ÞSSÍ.

Ákveðið var að halda áfram viðræðum um samstarf í tengslum við heilsugæsluverkefni ÞSSÍ í Mangochi. Skoðað var sjúkrahús í Monkey Bay sem Íslendingar byggðu og styrkja og heilsugæslustöðvar í sveitum, í Namkumbi og Chilonga, þar sem nú er lögð loka hönd á nýja fæðingardeild sem ÞSSÍ byggir.

- óká

kostur
Spörum og njótum lífsins

Já, takk!
Nautahakk
Kostur

697 kr/kg

verð áður 995 kr/kg

Í DAG
MÁNUDAG

* aðeins 3 stk á kórðu

www.kostur.is



Kostir þess að vera í Stofni

Nágrannavarsla

Vegaðstoð

Afsláttur af tryggingum

Bílaflugubíll í 7 daga vegna kaskótjóns

Afsláttur af barnabílstólum

Nú ferðu ekki lengur með feita tékkann í bankann!

Innleystu endurgreiðsluávísunina á sjova.is

Ahoy!

Þessa dagana færð þú ásamt 18.830 öðrum tjónlausum og skilvísium **viðskiptavinum í Stofni hluta af iðgjöldum síðasta árs endurgreidd**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

STOFN

Framkvæmdastjóri SAF bendir á að gæta þarf fjölbreyttra hagsmuna í viðræðum við ESB.

Fá bændur samkeppni?

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), vakti í síðustu viku hér í Fréttablaðinu máls á fyrirvörum samtakanna við stefnu stjórnvalda í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið, þar sem markmiðið er sagt vera að raska stuðningi við landbúnaðinn sem allra minnst.

Erna benti þannig á að yrði ekki dregið úr hinum gífurlega háu tollum, sem lagðir eru á erlendar búvörur, myndi matarverð ekkert lækka. Engir tollar eru á viðskiptum með vörur á milli ríkja ESB. Í kjölfar aðildar Svíþjóðar og Finnlands að sambandinu fyrir hálfum öðrum áratug lækkaði matarverð umtalsvert. Lækkun matarverðs

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



er hagur greinar á borð við ferðaþjónustuna, sem vill geta boðið ferðamönnum upp á ódýrari mat og er að sjálfsgöðu einnig hagur hins almenna neytanda.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, sagði í Fréttablaðinu á laugardag að tollverndin væri þvert á móti hagsmunamál fyrir neytendur. Án hennar hefðu bændur og aðrir aðilar á markaði hækkað verð til neytenda um sextíu prósent, í takt við hækkanir á innfluttum vörum þegar krónan féll 2008.

Við þessa röksemdafærslu er eitt og annað að athuga. Haraldur gefur sér væntanlega að ef ofurtollanna hefði ekki notið við, hefðu erlendar búvörur náð hér umtalsverðri markaðshlutdeild og veitt innlendri búvöru raunverulega samkeppni. Um leið og þær hefðu hækkað í verði, hefði svigrúm innlendra framleiðenda til að hækka verðið hjá sér aukizt. Þetta getur verið rétt, ef menn horfa á mjög þröngan tímaramma, en um leið er þá horft framhjá þeim hag, sem neytendur hefðu haft til lengri tíma af ódýrum innflutningi og þeirri samkeppni, sem hann hefði veitt innlendri búvöru. Og eins mætti segja að niðurfelling tolla nú gæti tekið til baka umtalsverðan hluta þeirrar kjaraskerðingar, sem neytendur urðu fyrir við fall krónunnar.

Staðreyndin er sú, að landbúnaðurinn er ofverndaðasta atvinnugrein landsins. Lítil sem engin samkeppni er á innanlandsmarkaði, þar sem verðlagi er að hluta til stýrt af hinu opinbera, framleiðendur skipta með sér markaðnum í huggulegheitum og margar kynslóðir landbúnaðarráðherra hafa hunzað tilmæli samkeppnisyfirvalda um að samkeppnislög gildi um landbúnaðinn. Með tollverndinni er síðan séð til þess að atvinnugreinin hefur enga erlenda samkeppni heldur. Þær fáu búvörur, sem fluttar eru inn til landsins, eru með tollum og fleiri viðskiptahindrunum gerðar svo dýrar að þær eru fremur lúxusvara fyrir hina efnameiri en vara, sem getur raunverulega keppt við innlendu framleiðsluna.

Ábendingar Ernu Hauksdóttur draga vel fram það sem flestir ættu að geta talið sjálfsgötu, að í aðildarviðræðunum við ESB geta stjórnvöld ekki leyft sér að gæta þröngra hagsmuna landbúnaðarins. Þau verða jafnframt að horfa á hag annarra greina, til dæmis ferðaþjónustunnar, og auðvitað neytenda í landinu. Finnst ríkisstjórninni það annars ekki sjálfsgötu?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Leiðrétting frá ráðuneyti

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, birti grein í Morgunblaðinu í síðustu viku um afstöðu sína til Icesave-málsins. Í kjölfar birtingu greinarinnar sendi fjármálaráðuneytið frá sér athugasemd þar sem rangfærsla í máli Sigmundar var leiðrétt. Sigmundur sagði heildsöluinnlán Landsbankans ekki teljast til forgangskrafna þegar slitastjórn Landsbankans hefur viðurkennt forganginn.



Óvenjulegt

Íslensku ráðuneytin hafa hingað til ekki lagt það í vana sinn að birta leiðréttingar í hvert sinn sem þingmaður fer með rangt mál. Enda ekki skrytið, þau kæmu sennilega fáu öðru í verk ef þau gerðu tilraun til þess. Leiðréttingu fjármálaráðuneytisins má því kannski telja Sigmundi til hróss. Hann þykir greinilega hafa nægilega vigt í málinu til að það þyki nauðsynlegt að leiðrétta málflyting hans.



Ormur í eyrað

Bjarni Benediktsson þykir hafa styrkt stöðu sína sem leiðtogi Sjálfstæðismanna með ákvörðun sinni varðandi Icesave. Auðveldi ákvörðunin hefði verið að leggja áfram gegn samningaleið ríkisstjórnarinnar auk þess sem ljóst mátti vera að áhrifamikil öfl innan flokksins yrðu óánægð með ákvörðunina. Bjarni hefur verið gagnrýndur fyrir að hlusta ekki á grasrótna í flokknum þegar kemur að Icesave. Því er kannski við hæfi að rifja upp sígild ummæli Davíðs Oddssonar á þann veg að þeir sem hlusti of náið á grasrótna eigi á hættu að fá orm í eyrað. magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



Þriðja flokks fólk?

Öðlingurinn



Paul Nikolov
nemi

Lýðræði byggir á frjálsri miðlun upplýsinga. Vissulega er löggjöf hér á landi sem verndar réttindi kvenna af erlendum uppruna, og við getum verið stolt af því að jafnrétti kynjanna er lengra á veg komið á Íslandi en í mörgum öðrum löndum. En lýðræðið bregst þegar konur af erlendum uppruna fá ekki upplýsingar um réttindi sín þegar þær flytja til landsins.

Nýlega hafa komið í ljós mörg dæmi um konur af erlendum uppruna sem hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka en vissu ekki að til væru úrræði sem gætu gagnast þeim. Margar þeirra eru hræddar við að vera reknaðar úr landi ef þær skilja við ofbeldisfullan maka. Það er mikið áhyggjuefni í ljósi þess að konur af erlendum uppruna eiga það sérstaklega á hættu að verða fórnarlömb ofbeldis í nánum samböndum, eins og upplýsingar frá Kvennaathvarfinu sýna.

Velferðarráðuneytið á hrós skilið fyrir að taka nýlega saman bæklinga sem útskýra fyrir konum af erlendum uppruna hver réttindi þeirra eru og útlista þá þjónustu sem er til staðar fyrir þær. En hvers virði er það ef umræddar konur vita ekki einu sinni af þessum upplýs-

ingum? Hafa ber í huga að allt of margar konur af erlendum uppruna eru einangraðar, tala ekki íslensku og mega ekki fara



Hafa ber í huga að allt of margar konur af erlendum uppruna eru einangraðar, tala ekki íslensku og mega ekki fara út fyrir hússins dyr án leyfis maka síns.

út fyrir hússins dyr án leyfis maka síns. Við megum ekki gera ráð fyrir því að þessar konur sæki sér nauðsynlegar upplýsingar og kynni sér löggjöf um réttindi sín upp á eigin spýtur.

Löggjöf og upplýsingar eru ekki nóg. Núverandi stjórnvöld beita sér kannski meir fyrir jafnrétti kynjanna en tíðkast hefur í sögu Íslands, en þau eiga að gera meira til að tryggja að þær konur sem hingað koma fái nauðsynlegar upplýsingar um rétt sinn og stöðu. Lýðræði og upplýsingar haldast í hendur, og það skiptir sköpum í jafnréttismálum á Íslandi.

Er ríkisábyrgð innistæðna skattskyld

vikulegt kaffispjall XO

í kvöld kl. 20:00 - 22:00 í efri sal IDNÓ

Þema kvöldsins:

Viðreisn heimila og fjármögnun uppbyggingar - er ríkisábyrgð innistæðna skattskyld?

framsaga, umræður kaffi og kökur í boði XO



...flokur fólksins



xo - borgarahreyfingin | Laugavegi 170 | s:511 1944 | xo@xo.is

Verðmætaskáld

Í DAG

Guðmundur Andri
Thorsson
rithöfundur



Á köflum var beinlínis óþægi-
legt að horfa á viðtal við
Kristján Gunnarsson verkalýðs-
leiðtoga í Keflavík í Kastljósi á
dögnum. Helgi Seljan stóð sig
reyndar með þróði en það er
aldrei gaman að horfa á menn
stadda í miðri martröð. Kristján
orkaði á mann eins og vænn
maður en grandalaus; vissulega
skrifaði hann undir fátíðlegan
starfslokasamning við fyrrver-
andi sparisjóðsstjóra í Keflavík
þegar sá hefði að réttu lagi slopp-
ið vel með að vera rekinn með
skömm en samt finnst manni það
ekki ná nokkurri átt að Kristján
eigi að bera alla syndabyrði
höfðingjanna í Keflavík á sínum
herðum, þótt breiðar séu. Hann
kemur þarna seint að málum og
enginn grunar hann um að hafa
látið greiðar sópa um fjármuni
sparisjóðsins. Manni virðist sem
sök hans sé einkum hlífisemi
við aðra í litlu samfélagi – og að
hafa treyst mönnum sem hann
átti ekki að treysta. Og fær nú
skellinn; situr uppi með alla sök
og alla skömm af þeim ótrúlegu
gjörningum sem virðast hafa átt
sér stað í Keflavík eftir að her-
inn fór og menn hófu „verðmæta-
sköpun“ – verðmætaskáldskap.

„Helstu strákarnir í götunni“

Sigrún Davíðsdóttir, okkar besti,
og kannski eini fréttamaður um
viðskiptamál – enda lærði hún
íslensku í háskólanum en ekki
viðskiptafræði – minnti á það í
pistli í Speglinum á dögnum að
meira að segja Fjármálaeftirlitið
– sem var ekki beinlínis hneykl-
unargjarnt árið 2008 – hafi gert
svarta skýrslu það ár um Spari-
sjóð Keflavíkur, þar sem fram
kemur ýmislegt um óeðlilegar
fjárveitingar til „helstu strák-
anna í götunni“ – meðal annars

sonar sparisjóðsstjórans. Ekkert
hafi hins vegar gerst í kjölfarið.
Allir virðast þessir kónar ætla að
sleppa með skrekkin – og ráns-
fenginn – rétt eins og aðrir þeir
sem mergsugu sparisjóðina víða
um land. Næstum því daglega
fáum við fregnir af fjárhagsleg-
um óhæfuverkum á undanförm-
um árum, og jafnvel enn. Næst-
um á hverri opnu í DV er sagt frá
gerningum sem maður myndi
taka andköf af hneykslun yfir ef
maður væri ekki að kafna. Eilíf-
ar fréttir af glæpum sem menn
virðast komast upp með óárettir
gera andrúmsloftið í samfélag-
inu óbærilegt. Kannski er ekki
margt í réttarkerfi Bandaríkj-
anna til eftirbreytni – en þó voru
Enron-menn og endurskoðendur
þeirra hjá Arthur Andersen
snarlega hnepttir í varðhald með
vel mynduðum handtökum, áður
en byrjað var að efna til máls-

Kastljósviðtalið við Kristján
var ekki bara hans privatmar-
tröð heldur horfðum við þarna á
skipbrot þeirrar stéttasamvinnu-
stefnu sem verkalýðshreyfingin
hefur rekið hér á landi alveg frá
því um 1980, og lýsir sér meðal
annars í því að æ oftar er talað
um „aðila vinnuarkaðarins“
sem eina órofa fylkingu með
sömu hagsmuni og sömu hug-
sjónir. Atvinnurekendur reynd-
ust ekki standa undir því mikla
trausti sem verkalýðshreyfingin
hefur auðsýnt þeim. Þeim hefur
ekki tekist vel að ávaxta fé launa-
fólks í lífeyrissjóðunum, heldur
töpuðust þar stórar fjárhæðir í
þeirri alheimsdellu sem íslenska
útrásin var. Og alltaf voru verka-
lýðsforingjarnir að reyna að vera
ábyrgir, sáu um að halda kaup-
kröfum niðri, sáu til þess að
verðbólga lækkaði, sáu til þess
að hjól atvinnulífsins snerust, og

„Kannski er ekki margt í réttarkerfi
Bandaríkjanna til eftirbreytni – en þó
voru Enron-menn og endurskoðendur
þeirra hjá Arthur Andersen snarlega hnepttir í varð-
hald með vel mynduðum handtökum, áður en byrjað
var að efna til málsins á hendur þeim.“

ins á hendur þeim. Slíkt hið sama
mátti reyna parið sem náði fúlg-
um fjár út úr milljarða-kjána og
tónskáldi sem trúði á samsæri
katólskrar leynimunkareglu á
hendur sér. Ekkert slíkt hér. Sér-
stakur saksóknari tekur af og til
rokur í yfirheyrslum, en af ein-
hverjum ástæðum njóta spari-
sjóðirnir friðhelgi.

Ekki hvarflar að neinum að
gera „eigur“ manna upptækar.
Því líkti góður vinur minn við
það að komið væri að mönnum í
bankaráni og þeir stöðvaðir við
þá iðju að sópa verðmætum ofan
í poka sína – en mættu samt eiga
það sem komið væri í pokana.

Skipbrot stefnu

Og svo væri Kristján Gunnarsson
tekinn í gegn í sjónvarpinu.

svo framvegis. Og á meðan voru
atvinnurekendur upp til hópa
delerandi – kaupandi kvóta hver
af öðrum á uppsprengdu verði,
kaupandi bílaumboð, tuskubúðir,
hótel í útlöndum, stofnandi eign-
arhaldsfélög, tæmandi banka...

Og enn er ekki runnið af þeim.
Hófsömum kröfum verkalýðs-
hreyfingar mæta þeir með kröf-
um á hendur stjórnmálum um
eilífan einkaaðgang útvegsmanna
að fiskimiðum landsins – sem
þeir eru fyrir löngu búnir að veð-
setja til andskotans án þess að
eiga þau. En verkalýðsforingjar
í öngum sínum geta tekið undir
næst þegar þeir heyra þennan
gamla rússneska slagara:
Krónumlaus ég kúri í trekki kjúkur
kreistandi / Auðvaldinu er ekki
ekki / ekki treystandi.

BÍTIÐ

MEÐ HEIMI OG KOLLU ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50

Morgunhanarnir Heimir og Kolla vakna eldhress í bítið
með fjölbreyttan dægurmálápátt á léttum nótum.

Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum,
ípróttunum og öllu hinu strax í bítið.

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

NÝTT!

SUMAR 2011

Almería

- falda perlan í Miðjarðarhafinu!

Hotel Colonial Mar ☆☆☆☆

ALLT INNIFALIÐ* 115.239 kr.

Verð frá: 115.239 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku. Brottför 15. júní.


* Morgunverður, hádegisverður, snarl milli mála og kvöldverður með innlendum drykkjum.

**Þökkum frábærar
viðtökur!**

Í fyrsta sinn á Íslandi verður
boðið uppá spennandi ferðir
í beinu morgun flugi til Almería
sem er í næststærsta héraði
Spánnar, Andalúsíu. Borgin er einstaklega sjarmerandi
þar sem sólríkar strendur, hvítökluð hús, nautaöt og
seðjandi flamenco tónlist ráða ríkjum. Í Almería eru
fallegar strendur og fjölbreytilegt landslag.

SUMAR FERÐIR

sumarferdir.is



HURÐARHÚNN MEÐ INNBYGGÐUM TALNALÁS

Talnalásinn er innbyggður í hurðarhúnn sjálfan. Ekki er þörf á ídrætti þar sem lásinn er knúinn með rafhlöðu sem endist í u.þ.b. 100.000 aðgerðir. Talnalásinn flíspassar við láshúsin frá ASSA og því tekur það aðeins nokkrar mínútur að skipta yfir í slíkan útbúnað. Það er jafnauðvelt að nota talnalásinn eins og að koma honum fyrir.

Dyrnum er einfaldlega lokað og þegar þú kemur til baka opnar þú með aðgangsnúmerinu þínu. Hurðarhúnninn er ávallt opinn innanfrá (split spindle). Látlaus og nett hönnunin fer vel hvar sem er. Og verðið – það kemur þér ánægjulega á óvart.



49

EDDIE IZZARD leikari og uppistandari, er 49 ára.
„Mig langar að lifa þangað til ég dey, hvorki lengur né skemur.“

Merkisatburðir

- 1812** Byron lávarður flytur jómfrúrræðu sína í lávarðadeild breska þingsins.
- 1848** Bæjarfógetinn í hinni hálfðönsku Reykjavík auglýsir: „Íslensk tunga á best við í íslenskum kaupstað, hvað allir athugi.“
- 1942** Húsmæðraskóli Reykjavíkur tekur til starfa. Fyrsti skólastjórinn er Hulda Á. Stefánsdóttir.
- 1964** Bítlnir lenda á JFK-flugvelli í New York í fyrstu tónleikaferð sinni til Bandaríkjanna.
- 1974** Concorde-þota lendir í fyrsta sinn á Keflavíkflugvelli. Á leiðinni frá Frakklandi flýgur hún með tvöföldum hljóðhraða.
- 1989** Tennisstjarnan Björn Borg gerir sjálfsvígtilraun í Milanó á Ítalíu.


AFMÆLISBÖRN



ÍVAR ÖRN SVÆRISSÓN
leikari er 34 ára í dag.



HRAFNHILDUR HAFSTEINSDÓTTIR
er 35 ára í dag.



INGÓLFUR BJARNI SIGFÚSSÓN
fréttamaður er 36 ára í dag.



ADRIANO SILVA FRANCISCO
fótboltaaður er 42 ára í dag.



Ráðstefna um Internetið

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn verður haldinn hátíðlegur um allan heim á morgun og af því tilefni standa mennta- og menningarmálaráðuneytið, innanríkisráðuneytið og SAFT á Íslandi fyrir ráðstefnu um internetið á Hilton hóteli, Nordica. Þar verða í boði fjölbreyttar málstofur sem taka á mállefnum líðandi stundar er varða internetið.



MÁLLEFNI LÍÐANDI STUNDAR
Uppbygging nýrra atvinnugreina á internetinu er á meðal þess sem verður rætt á ráðstefnunni sem er öllum opin.

Meðal annars verður fjallað um netnotkun barna- og unglínga, samspil mannréttinda og netnotkunar, uppbyggingu nýrra atvinnugreina á internetinu, notkun og þróun á efni til náms og kennslu og álitæfni varðandi öryggi fjarskiptainnviða á Íslandi.

Meðal fyrirlesara má nefna Lee Hibbard, verkefnisstjóra hjá Evrópuráðinu, sem fjallar um þróun og stefnumótun á internetinu. Einnig mun Dr. William Drake, frá Centre for International Governance, Graduate Institute of International and Development Studies í Sviss, fjalla um nauðsyn á alþjóðlegu samstarfi vegna stefnumótunar á internetinu.

Nánari upplýsingar og skráning fer fram á www.saft.is en þátttaka er ókeypis.



Þórunn Stefánía Samúelsdóttir

frá Bíldudal, til heimilis að Arahólum 4, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 3. febrúar.

Árni Konráðsson
Alda Konráðsdóttir
Stefán Konráðsson
og aðrir aðstandendur.

Anna Aradóttir
Ólafur Ólafsson
Margrét Unnur Kjartansdóttir

50% afsláttur af legsteinum úr íslensku blágrýti

Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Rvk.
sími 587 1960 - www.mosaik.is



ÞETTA GERÐIST 7: FEBRÚAR 1940

Teiknimynd um Gosa frumsýnd

Gosi var önnur teiknimynd Walt Disney í fullri lengd og var ætlað að fylgja eftir vinsældum Mjallhvítar og dverganna sjö sem slegið höfðu rækilega í gegn. Gosi var frumsýnd í kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum 7. febrúar 1940. Myndin var byggð á skáldsögunni vinsælu Ævintýri Gosa eftir Ítalann Carlo Collodi. Handritið sömdu Aurelius Battaglia, William Cottrell, Otto Englander, Erdman Penner, Joseph Sabo, Ted Sears og Webb Smith og Ben Sharpsteen and Hamilton Luske voru framleiðendur. Fimm leikstjórar skiptu á milli sín köflum úr bókinni, þeir Norman

Ferguson, T. Hee, Wilfred Jackson, Jack Kinney, and Bill Roberts. Teiknimyndin um Gosa hlaut tvönn Óskarsverðlaun árið 1940. Fyrir bestu frumsömdu tónlistina, sem var eftir Leigh Harline og Ned Washington sem sömu-leiðis sömdu lagið sem hlaut Óskarinn sem besta frumsamda lagið: When you wish upon a star.

Heimild: wikipedia.org



HÁSKÓLABÍÓ 50 ÁRA „Við stefnum að því að stemningin verði létt og afslöppuð,“ segir Pétur Markan um Mánudagsbíóin í Háskólabíói. Mynd kvöldins er Chinatown eftir Roman Polanski.

MÁNUDAGSBÍÓ ENDURVAKIÐ Á FIMMTÍU ÁRA AFMÆLINU: CHINATOWN Í KVÖLD

Gullmolar fortíðarinnar í bíó

Á aldarafmæli Háskóla Íslands fagnar Háskólabíó fimmtíu ára afmæli. Í tilefni af tímamótunum verða endursýndar valdar myndir úr safni kvikmyndahússins, sem margar hafa ekki sést á kvikmyndatjaldi árum saman. Um er að ræða þverskurð af þeim myndum sem notið hafa vinsælda í gegnum tíðina eða eru minnisstæðar af ólíkum ástæðum. Myndirnar verða sýndar í stóra sal Háskólabíós á mánudagskvöldum og verður fyrsta myndin, Chinatown Romans Polanski, sýnd í kvöld.

„Þetta er samstarfsverkefni Háskólabíós og Háskóla Íslands í tilefni af merkisafmælunum,“ segir Pétur Markan, verkefnastjóri HÍ. „Fyrir á árum voru sýndar listrænar myndir, sem ekki fóru í almennar sýningar, á mánudagskvöldum. Það var kallað mánudagsbíó og okkur þótti tilvalið að endurvekja þann sið, þótt með öðrum formerkjum sé.“

Til stendur að sýna hátt í 30 myndir á árinu og segir Pétur að þar kenni ýmissa grasa. Búið er að stilla upp sýningaplani til 2. maí og meðal mynda sem eru á dagskrá má nefna Dirty Dancing, Psycho, Top Gun, Fanny og Alexander, litaseríu Kieslowskis, Blár-Hvítur-Rauður og Cinema Paradiso. Hver mynd verður aðeins sýnd einu sinni og aðgöngumiðinn seldur á litlar 300 krónur. „Við stefnum að því að stemningin verði létt og afslöppuð,“ segir Pétur. „Það verður boðið upp á léttar veitingar á góðu verði í hléinu og hátíðastemning ríkjandi.“

Er þetta andsvar Háskólabíós við

opnun Bíós Paradísar? „Nei, alls ekki, við lítum á Bíó Paradís sem samherja en ekki andstæðing og fögnum því að nýtt blóm hafi bæst í flórana,“ segir Pétur. „Myndirnar hjá okkur verða bara sýndar einu sinni og við lögðum einmitt áherslu á að velja myndir sem Paradís sýnir ekki. Hugmyndin hjá okkur var eingöngu sú að gefa fólki kost á að sjá sígildar myndir á stóru tjaldi í miklum hljómgæðum og rifja þannig upp gamlar og vonandi góðar minningar.“

Nánari upplýsingar um Mánudagsbíóið er að finna á heimasíðunni: <http://www.hi.is/manudagsbio> og á fésbókarsíðunni: <http://www.facebook.com/#!/pages/Manudagsbio/136401259755458>.

fridrikab@frettabladid.is

Gamansýning fyrir ferðamenn

Sýningar á einleik sem ber heitið Let's Talk Iceland hefjast í dag en verkið er gamansýning á ensku og er sýnd á Restaurant Reykjavík. Leikhópurinn Kraðak stendur að baki verkinu en frá því í júlí árið 2009 hefur Kraðak sýnt gamansýningar ætlaðar ferðamönnum. Sýningin, sem hét áður Let's talk Local, hefur nú tekið þónokkrum breytingum og nýir leikarar gengið til liðs við hópinn.

Í sýningunni er fjallað um sögu og menningu Íslands frá landnámi til nútímans en þar sem sjö einleikarar skipta með sér sýningunni verða frumsýningar á verkunum sjö talsins, frá 7. febrúar til 13. febrúar, og hefjast klukkan 20. Leikhúsgestir þurfa að staðfesta komu á sýningu tveimur dögum fyrir áætlaða komu, annaðhvort á letstalk@letstalk.is eða í síma 699 0740.

-jma



EINLEIKUR Á ENSKU Frumsýning, ein af sjö, á Let's Talk Iceland, fer fram á Restaurant Reykjavík í kvöld.



Kaffistólar frá kóreska hönnunarfyrirtækinu He Was Born eru stórsniðugir og ættu vel við bæði á heimilum sem og fínum kaffihúsum.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Búið var við því að metin myndu falla á þessu móti en af því varð alls ekki. Óhætt er að segja að árangurinn á mótinu hafi valdið vonbrigðum.

Aðeins eitt Íslandsmet var sett og það kom í 4x400 metra boðhlaupi. Það met setti ÍR og bætti met Breiðabliks sem hafði staðið frá árinu 2008. - hbg

Ragnar Hjaltsted: Samdi við Kristiansund

HANDBOLTI Örvhenti hornamaðurinn Ragnar Hjaltsted hélt í morgun til Noregs þar sem hann mun spila með Kristiansund til loka tímabilsins.

Þar hittir Ragnar fyrir fyrrum þjálfara sinn hjá HK, Gunnar Magnússon.

Ragnar hefur ekkert leikið handbolta í vetur og var orðaður við nokkur lið fyrir áramót en allt kom fyrir ekki. - hbg

Haukar stóðu lengi vel í Grindavík í undanúrslitum Powerade-bikarsins í gær:

Reynslusigur hjá Grindvíkingum

KÖRFUBOLTI Það varð ljóst í gær að Grindvíkingar verða mótherjar KR í bikarúrslitunum þann 19. febrúar. Grindavík vann sigur á Haukum á útivelli 82-70. Leikurinn var jafn og spennandi allan tímann en í síðasta fjórðungi voru þeir gulu mun sterkari.

„Grindavík er með reynslumikið lið og þeir vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera,“ sagði Haukur Óskarsson, leikmaður Hauka, eftir leikinn.

„Þeir tóku þennan leik ekkert á meiri baráttu eða meiri hæfileikum heldur bara reynslunni.“

Það sást strax í byrjun leiks að mikið var í húfi og hart var barist. Liðin skiptust á að hafa forystuna í fyrsta leikhluta en gestirnir voru stigi yfir að honum loknum.

Haukar leiddu þó í hálfleik með tveggja stiga mun 35-33. Jafn-

ræðið hélt áfram þar til í síðasta fjórðungi er leiðir fór loks að skilja.

Þegar liðin mættust í Grindavík í deildarleik á dögnum unnu Haukar sannfærandi sigur.

„Við vorum mjög slakir í síðustu tveimur leikjum en núna var miklu meiri karakter í liðinu. Við mættum tilbúnir og kláruðum dæmið.“

Við erum alltaf að læra, svona er bara boltinn. Svo lengi sem menn átta sig á að það þarf að laga eitthvað þá er þetta í lagi. Það kemur niðursveifla hjá öllum liðum,“ sagði Páll Axel Vilbergsson, leikmaður Grindavíkur. - egm



GRIMMUR Semaj Inge og félagar börðust vel fyrir sínu í gær en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

RE/MAX®

Viltu vita hvers virði eignin þín er í dag?

Pantaðu frítt sölugerðmat án skuldbindinga.



Hringdu núna

699 5008

Hannes Steindórrsson
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 699 5008



Pórarinn Jónsson hdl.
lögg. Fasteignasali

VÖRN GEGN KULDA

Ceridal fitukrem er framleitt úr 100% fituefnum og olíum – inniheldur ekkert vatn.

Þegar kalt og hvasst er úti verður andrúmsloftið oft þurr. Sama á við um húðina og þarf því að verja hana sérstaklega vel. Með Ceridal fitukremi er unnt að minnka hættuna á húðskemmdum af völdum kulda, því fitukremið inniheldur ekki vatn og gerir húðinni kleift að anda eðlilega. Fyrir alla sem stunda útvist og útiveru og vilja verja sig gegn kulda, er Ceridal fitukrem rétta valið. Ceridal fæst í apótekum.

ÁN
PARABENA,
VATNS,
LITAREFNA OG
ILMEFNA



ceridal®
Húðhirðulína

 Stiefel
a GSK company

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

CHELSEA - LIVERPOOL	0-1
0-1 Raul Meireles (69.)	
WEST HAM - BIRMINGHAM	0-1
0-1 Nikola Zigic (64.)	
ASTON VILLA - FULHAM	2-2
1-1 Andy Johnson (52.), 2-1 Kyle Walker (72.), 2-1 Kyle Walker (74.), 2-2 Clint Dempsey (78.).	
EVERTON - BLACKPOOL	5-3
1-0 Louis Saha (19.), 1-0 Louis Saha (19.), 1-0 Louis Saha (21.), 1-1 Alex Baptiste (36.), 2-1 Louis Saha (46.), 2-2 Jason Puncheon (61.), 2-3 Charlie Adam (63.), 3-3 Louis Saha (75.), 4-3 Jermaine Beckford (79.), 5-3 Louis Saha (83.).	
MANCHESTER CITY - WEST BROMWICH ALBION	3-0
1-0 Carlos Tevez (16.), 2-0 Carlos Tevez (21.), 3-0 Carlos Tevez (38.).	
NEWCASTLE UNITED - ARSENAL	4-4
0-1 Theo Walcott (0.), 0-2 Johan Djourou (2.), 0-3 Robin van Persie (9.), 0-4 Robin van Persie (25.), 1-4 Joey Barton (67.), 2-4 Leon Best (74.), 3-4 Joey Barton (82.), 4-4 Cheick Tiote (86.).	
STOKE CITY - SUNDERLAND	3-2
0-1 Kieran Richardson (11.), 1-1 John Carew (31.), 1-2 Asamoah Gyan (47.), 2-2 Robert Huth (82.), 2-2 Robert Huth (83.), 3-2 Robert Huth (92.).	
TOTTENHAM - BOLTON WANDERERS	2-1
1-0 Rafael van der Vaart (5.), 2-0 Rafael van der Vaart (7.), 1-1 Daniel Sturridge (54.), 2-1 Niko Kranjcar (91.).	
WIGAN ATHLETIC - BLACKBURN ROVERS	4-3
0-1 Jason Roberts (22.), 0-1 Jason Roberts (22.), 1-1 James McCarthy (34.), 2-1 Hugo Rodallega (49.), 3-1 James McCarthy (55.), 3-2 Christopher Samba (57.), 4-2 Ben Watson (64.), 4-3 David Dunn (80.).	
WOLVES - MANCHESTER UNITED	2-1
0-1 Nani (2.), 1-1 George Elokobi (9.), 2-1 Kevin Doyle (39.).	

STADAN:						
Man United	25	15	9	1	55-24	54
Arsenal	25	15	5	5	54-27	50
Man. City	26	14	7	5	42-22	49
Chelsea	25	13	5	7	46-22	44
Tottenham	25	12	8	5	35-27	44
Liverpool	26	11	5	10	36-31	38
Sunderland	26	9	10	7	32-31	37
Bolton	26	8	9	9	36-37	33
Stoke City	25	10	3	12	31-32	33
Newcastle	25	8	7	10	40-38	31
Blackburn	26	9	4	13	34-42	31
Fulham	26	6	12	8	28-28	30
Everton	25	6	12	7	33-34	30
Aston Villa	26	7	8	11	30-45	29
Blackpool	25	8	4	13	38-49	28
Birmingham	24	5	12	7	24-33	27
WBA	25	7	5	13	31-48	26
Wigan	26	5	11	10	26-44	26
West Ham	26	5	9	12	27-44	24
Wolves	25	7	3	15	26-43	24



GYLFI ÞÓR Fékk tækifæri í liðinu og skoraði. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Kolbeinn og Gylfi Þór: Skoruðu báðir

FÓTBOLTI Ungstirnir Kolbeinn Sigþórsson og Gylfi Þór Sigurðsson gerðu það báðir gott í Evrópu-boltanum um helgina.

Gylfi skoraði fyrsta mark Hoffenheim í þýska boltanum sem lagði Kaiserslautern, 3-2.

Kolbeinn kom AZ Alkmaar yfir gegn Excelsior í hollenska boltanum en það dugði ekki til því AZ tapaði, 2-1. - hbg

Takk fyrir millurnar og stigin þrjú

Aðeins nokkrum dögum eftir að Liverpool seldi Fernando Torres fyrir metfé til Chelsea lagði Liverpool ensku meistarana að velli í London. Torres var í byrjunarliði Chelsea og lét lítið að sér kveða.

FÓTBOLTI Fernando Torres sagðist ekki hafa tíma til þess að bíða eftir að Liverpool myndi byggja upp lið sem gæti keppt um titla. Það á eflaust eftir að nudda honum upp úr þeim ummælum eftir dramatískan sigur Liverpool á Chelsea í gær. Raul Meireles skoraði eina mark leiksins fyrir Liverpool í seinni hálfleik.

Þetta var fjórði sigur Liverpool í röð og tapið hefur gríðarleg áhrif á titilmöguleika Chelsea. Líðið er enn tíu stigum á eftir Man. Utd og gat ekki notfært sér óvænt tap United gegn Wolves.

Leikurinn var annars lítið fyrir augað. Hann lofaði þó góðu í upphafi. Fyrsta spjaldið kom eftir 30 sekúndur og Torres komst í skotfæri eftir 90 sekúndur. Eftir það dó nánast leikurinn. Torres gat ekkert og var tekinn af velli 25 mínútum fyrir leikslok.

Argentínudurinn Maxi fékk þó eitt af færnum tímabilsins en honum tókst á einhvern óskiljanlegan hátt að setja boltann í þver-slána í algjöru dauðafæri. Sigurmarkið var í skrautlegri kantinum og kom skömmu eftir að Torres fór af velli.

Þá kom sending frá hægri sem Petr Cech virtist eiga. Hann er aftur á móti hræddur við að lenda í samstuðum eftir að hann höfuð-kúpubrotnaði á sínum tíma. Hann lét því boltann fara fram hjá sér. Boltinn hafnaði hjá Meireles sem skoraði auðveldlega. Ótrúlega klaufalega gert hjá Cech.

Stuðningsmenn Liverpool voru búnir að biðja lengi um að Kenny Dalglish yrði gerður að stjórnari félagsins og ráðning hans hefur

heldur betur virkað. Honum hefur tekist að rífa upp lið sem var að leika langt undir getu og er að ná miklu úr liðinu. Sigurinn í gær gefur svo öllum hjá félaginu byr undir báða vængi.

Nú bíða stuðningsmennirnir eftir því að eigendur félagsins geri langtímasamning við Dalglish en þó svo hann sé að spila léttan póker leynir sér ekki að hann vill fá langan samning.

„Ég vil ekki ræða framtíðina og samningamálin. Mitt vanda-mál er að hugsa um leikinn gegn Wigan. Það sem á að gerast mun gerast,“ sagði Dalglish og hrósaði svo vinnuveitendum sínum. „Eigendurnir voru frábærir í janúar er þeir keyptu Carroll og Suarez. Við gátum ekki beðið um meira en þeir voru svekktir að ná ekki fleiri leikmönnum. Ég verð því að hrósa þeim. Þeir munu taka réttar ákvarðanir fyrir félagið og meðan allir halda áfram að ró á sömu átt verður allt í lagi.“

Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, sagði að sitt lið hefði ekki spilað nógu vel en var ánægður með frammistöðu Torres í leiknum.

„Torres skilaði góðri vinnu. Liverpool varðist vel, lokaði svæðum en Fernando reyndi að hreyfa sig og finna svæði. Hann var spennur fyrir því að spila en við verðum að gefa honum tíma til þess að aðlagast okkur. Ég held að það muni koma fljótt,“ sagði Ancelotti og bætti við.

„Við vorum ekki að spila nógu vel í þessum leik og verðum að sætta okkur við það. Við fengum aldrei það svæði sem við þurftum að fá í sókninni.“ henry@frettbladid.is



SVEKKTUR Fernando Torres ætlaði heldur betur að skora gegn Liverpool í gær en hafði ekki erindi sem erfiði. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Arsenal missti niður fjögurra marka forskot gegn Newcastle en náði samt að minnka forskot Man Utd:

Úlfarnir björguðu deginum hjá Wenger

FÓTBOLTI Botnlið Wolves varð á laugardag fyrsta liðið til að leggja Manchester United að velli í ensku úrvalsdeildinni þetta tímabilið. Úrslit sem kæta Arsene Wenger, stjóra Arsenal, en hans menn gerðu jafntefli við Newcastle fyrr um daginn eftir að hafa komist fjórum mörkum yfir.

Þegar seinni hálfleikur var nýhafinn og Arsenal 4-0 yfir var einn leikmaður liðsins, Abou Diaby, sendur í bað fyrir að missa stjórn á skapi sínu og hrinda Joey Barton. Newcastle nýtti sér liðsmuninn og skoraði jöfnunarmarkið þremur mínútum fyrir lok venjulegs leiktíma.

„Barton var mjög heppinn að fara ekki sömu leið,“ sagði Wenger eftir leik. „Diaby lék frábærlega

í fyrri hálfleiknum. Stundum spilar það inn í að menn verði pirraðir þegar þeim gengur illa en það átti ekki við þarna. Ég útskýri þetta með því að hann hefur oft meiddst eftir grófar tæklingar andstæðingana og það hafði þessi áhrif.“

Hann viðurkennir að hafa áhyggjur af því að það gæti haft neikvæð áhrif á liðið andlega í komandi leikjum að hafa gloprað þessum leik. „Aðeins framtíðin mun leiða í ljós hvort þær áhyggjur eru óþarfur,“ sagði Wenger.

Stigið dugði Arsenal þó til að minnka forskot United á toppi deildarinnar niður í fjögur stig þar sem lærisveinar Sir Alex Ferguson töpuðu óvænt fyrir botnliði Wolves eftir 29 leiki í röð án ósigurs. „Ég sagði fyrir leikinn að Wolves væri

þetta lið en taflan gæfi til kynna. Við fórum illa með fjölda góðra færa,“ sagði Sir Alex eftir leik. „Rio Ferdinand meiddist í upphitun og það var áfall fyrir okkur. Reynslan sem Rio býr yfir skiptir miklu í leikjum sem þessum.“

Úlfunum hefur gengið vel gegn efstu liðunum og knattspyrnu-stjórinn Mick McCarthy hlýtur að íhuga hvernig stendur á því að liðið sé á botninum. „Vonandi er þetta byrjunin á betra geni hjá okkur. Við þurfum nauðsynlega að fara að safna stigum og mér er alveg sama hvar við náum í þau. Við höfum verið að vinna nokkur af efstu liðum deildarinnar en tapað gegn liðunum í kringum okkur. Við þurfum að gera betur til að halda sæti okkar,“ sagði McCarthy. - egm



RAUTT Diaby missti stjórn á skapi sínu á laugardag. NORDICPHOTOS/GETTY



NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

WorldClass
ICELAND

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

Laugum Reykjavík - Krínglunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar
Reykjavík Spönginni Grafarvogi - Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum
Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ -
Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

Sporthúsið kynnir

eina stærstu heilsuhátíð á Íslandi



11. - 12. FEBRÚAR
Fusion
FITNESS FESTIVAL
2011



Dj Páll Óskar

Föstudaginn 11. febrúar


Hátíðin hefst kl: 18:00 á góðgerðar
polfimi- og dansveislu með **Dj Páli Óskari**
sem þeytir skífum til styrktar Umhyggju
Allir velkomnir - styrkjum gott málefni!

Laugardaginn 12. febrúar


Fjölbreytt dagskrá kl: 10:00 - 18:00
Erlendir sem innlendir kennarar kynna
það heitasta í líkamsrækt í dag!




ZUMBA
BATUKA Latin Style
TAC - Total Athletic Conditioning
TABATA áttak
Kick Fusion
SportsClub from LazyTown
Sexý spinning
TRX
Ketilbjöllur
o.fl.



Jessica Exposito



Daniel Gonzales



Unnur Pálma

Erlendir og innlendir kennarar,

Kynning á heilsudrykkjum og vörum á staðnum!

Nánari upplýsingar á www.sporthusid.is eða www.fusion.is
Skráning á fusion@fusion.is eða í síma: 844-8707

Sporthúsið býður upp á fjölbreytta hóptímatöflu 2011



Spinning
Prek & þol
Vaxtarmótun
Stöðvaþjálfun
Max - Brennsla
Power spinning
Partý Spinning
Iron Spinning
Láruliðar
Tabata

Yoga
Body Pump
Body Combat
Body Balance
Styrkur & Teygjur
Kviður & bak
FimleikaPrek
Pallatímar
SúperPrek
O.fl.

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9-11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564-4050

> Hugh Grant

„Mér líkar ekkert sérstaklega vel við börn. Mér er sama um þau í svona fjórar mínútur, en það er algjört hámark. Eftir það, get ég ekki skilið allt stússið í kringum þau.“

Hugh Grant leikur bóksala í Notting Hill sem kynnist bandarísku kvikmyndastjórnu Önnu Scott fyrir tilviljun og taka hlutirnir óvænta stefnu í rómantísku gamanmyndinni Notting Hill sem er á Stöð 2 Bió kl. 18.05.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: SUNNA VALGERÐARDÓTTIR MUN ALDREI SKILGREINA SIG SEM AÐDÁANDA

Hvað endurtekningar þýða fyrir okkur Íslendinga

Síðasta laugardagskvöld hélt ég svo sannarlega að það væri komið að stóru Eurovisionstundinni. Eftir að hafa horft á nokkrar undanþekknir, með allt of mörgum íslenskum slögurum og daglegar upprifjanir á þeim sjö lögum sem komust áfram, stóð ég í þeirri von um helgina að ég gæti hætt að hugsa um sex þeirra og einbeitt mér að einu. Og látið son minn gera slíkt hið sama, því í raun eiga öll löginn sem náðu inn í undanþekknina upp á pallborðið hjá honum. Guði sé lof fyrir YouTube. Annars myndi þetta ekki óma heima hjá mér á hverjum degi. Hjúkk.

En nei. Síðasta laugardagskvöld var enn ein upprifjun. Það var ekki einu sinni reynt að gera áhorfendum það til geðs að láta listamennina troða upp aftur, heldur voru sömu upptökurnar og hafa rúllað daglega á RÚV, með þeim undantekningum að Ragnhildur og Guðmundur spurðu aðdændur

og þjóðfræðinga „hvað Eurovision þýddi fyrir okkur Íslendinga“? Einmitt. Þessar þralátu endurtekningar Ríkissjónvarpsins gera það þó líklega að verbum að þjóðin verður orðin svo óendanlega þreytt á þeim að hún mun fjölmenna fyrir framan sjónvarpsskjáina á laugardaginn næstkomandi til þess að sjá loks eitthvað nýtt. Þó það verði sömu löginn, sömu brandararnir og sama fólkíð, mun landinn velja sér það lag sem honum finnst vera „best Eurovision“. Og það lag, sem flestir telja að muni bera sig úr bítum í Þýskalandi, flýgur svo galvaskt og þýtt í Stóru júróvisjon, eins og sonur minn kallar hana, og mun hana okkur saman við skjáinn á ný. En það verður í maí. Þangað til fáum við fleiri endurtekningar. Húrra.



SJÓNVARPIÐ

- 16.50 Víkingar - DNA slóðin rakin** (1:3)
- 17.20 Landinn**
- 17.50 Tákmaláfréttir**
- 18.00 Mærin Mæja** (1:52)
- 18.08 Franklín** (50:65)
- 18.30 Sagan af Enyó** (6:26)
- 19.00 Fréttir**
- 19.30 Veðurfréttir**
- 19.35 Kastljós**
- 20.00 Blóð í símanum** (Blod í mobilen) Dönsk heimildamynd um jarðefni sem notuð eru í farsíma og unnin eru úr námum í Austur-Kongó.
- 20.55 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (1:12) Í fyrsta þætti nýrrar þáttaraðar um vísindi og fræði á Íslandi er fjallað um nýjar rannsóknir á gröfum úr heidni eða kumlum, um rafbilavæðingu á Íslandi og rafbíl hjá Háskólanum í Reykjavík og keppni grunnskólanema í nýsköpun þar sem hugvitið blómstrar.
- 21.25 Svona á ekki að lifa** (6:6) (How Not to Live Your Life) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan mann.
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.10 Veðurfréttir**
- 22.15 Íslenski boltinn**
- 22.40 Meistaradeild í hestaiþróttum**
- 22.55 Þýski boltinn**
- 23.55 Kastljós**
- 00.15 Fréttir**
- 00.25 Dagskrárlok**

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2**
- 08.15 Oprah**
- 08.55 Í finu formi**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 The Doctors**
- 10.15 Lie to Me** (12:22)
- 11.00 White Collar**
- 11.45 Falcon Crest** (13:28)
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 So You Think You Can Dance** (14:23)
- 14.20 So You Think You Can Dance** (15:23)
- 15.05 ET Weekend**
- 15.50 Barnatími Stöðvar 2**
- 17.08 Bold and the Beautiful**
- 17.33 Nágrannar**
- 17.58 The Simpsons**
- 18.23 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.47 Íþróttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.11 Veður**
- 19.20 Two and a Half Men** (6:19)
- 19.45 The Big Bang Theory** (11:17)
- 20.10 Extreme Makeover: Home Edition** (12:25)
- 20.55 Undercovers** (10:13)
- 21.40 Saving Grace** (11:13) Spannandi þáttaröð með Óskarsverðlauna-leikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanarcho er lögglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut.
- 22.25 Reykjavík Fashion Festival** Nýr og áhugaverður Íslenskur sjónvarpsþáttur um alþjóðlega tískuvíkuna Reykjavík Fashion Festival sem fram fór sl. vor.
- 22.55 Tripping Over** (4:6)
- 23.45 Modern Family** (10:24)
- 00.10 Chuck** (12:19)
- 00.55 Burn Notice** (7:16)
- 01.40 Dave Chappelle's Block Party**
- 03.20 Aliens vs. Predator - Requiem**
- 04.55 Fréttir og Ísland í dag**

SPORT

- 07.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Real Sociedad** Útsending frá leik Real Madrid og Real Sociedad í spænsku úrvalsdeildinni.
- 18.00 The Swing** Í þessum þætti er rennt yfir golfsvæfluna eins og hún leggur sig. Hvað eru kyllingar að gera rangt í sveiflunni? Svárið við því er að finna í þessum þætti.
- 18.25 NBA-körfuboltinn: Boston - Orlando** Útsending frá leik Boston Celtics og Orlando Magic í NBA.
- 20.10 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Magnaður þáttur þar sem Logi Bergmann Eidoisson fer umhverfis Ísland á 80 höggum.
- 21.00 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 21.55 Gunnar Nelson í Cage Contender** Einn magnaðasti íþróttamaður Íslandinga, Gunnar Nelson sýnir listir sínar í Cage Contender.
- 23.30 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mætir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

SPORT 2

- 07.00 Chelsea - Liverpool**
- 16.05 Man. City - WBA** Útsending frá leik Manchester City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.50 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
- 18.50 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 19.45 PL Classic Matches: Aston Villa - Liverpool, 1998**
- 20.15 Wolves - Man. Utd.** Útsending frá leik Wolves og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.00 Premier League Review 2010/11**
- 23.00 Ensku mörkin 2010/11.**
- 23.30 Newcastle - Arsenal**

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist**
- 08.00 Dr. Phil** (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist**
- 15.45 7th Heaven** (9:22) (e)
- 16.30 Game Tívi** (2:14) (e)
- 17.00 Dr. Phil**
- 17.45 Married Single Other** (5:6) (e)
- 18.35 America's Funniest Home Videos** (44:46)
- 19.00 Judging Amy** (8:22)
- 19.45 Will & Grace** (13:22)
- 20.10 90210** (12:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Hr. Cannon tekur Naomi í gíslingu og tekst að draga Silver inn í aðstæðum. Adriana mætir í spjallþátt til að útskýra sína hlið á málu en óvæntur gestur eyðileggur það fyrir henni.
- 20.55 Life Unexpected** (10:13).
- 21.45 CSI** (4:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Rannsóknarteymið á nú í höggi við morðingja sem skilur ekki eftir sig slóð.
- 22.35 Jay Leno**
- 23.20 Dexter** (12:12) (e)
- 00.10 Harper's Island** (8:13) (e)
- 00.50 Will & Grace** (13:22) (e)
- 01.10 Life Unexpected** (10:13) (e)
- 01.55 Pepsi MAX tónlist**

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America**
- 09.00 Waste Management Phoenix Open** (4:4)
- 12.00 Golfing World**
- 12.50 Golfing World**
- 13.40 Waste Management Phoenix Open** (4:4)
- 17.05 PGA Tour - Highlights** (4:45)
- 18.00 Golfing World**
- 18.50 Waste Management Phoenix Open** (4:4)
- 22.00 Golfing World**
- 22.50 Champions Tour - Highlights** (1:25)
- 23.45 ESPN America**

EXTRA

- 19.30 The Doctors**
- 20.15 E.R.** (14:22)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2**
- 21.25 Ísland í dag**
- 21.50 The Mentalist** (11:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það nýtur hann lítillar hyllir innan lögreglunnar.
- 22.35 Numbers** (15:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjallar um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.
- 23.20 Mad Men** (10:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingamannsins Dons Draper og kollega hans í hinum líttra auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
- 00.10 E.R.** (14:22)
- 00.55 The Doctors**
- 01.35 Sjáðu**
- 02.00 Fréttir Stöðvar 2**
- 02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**



- 18.15 Tveir gestir**
- 18.45 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlensktt mannlíf.
- 19.00 Fróðleiksmolinn**



- 20.00 Heilsubáttur Jóhönnu** Vandasamt verk að huga að heilsunni.
- 20.30 Nýju fötin keisarans** Steinunn og gestir.
- 21.00 Frumkvöðlar** Framtíðin byggir á hugmyndum frumkvöðla.
- 21.30 Eldhús meistaranna** Magnús kominn í detoxeldhús Jónínu.



Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM					
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,9 Lindin
					FM 105,5 Útvarp Boðun

OPNIR TÍMAR

Styrkur Kviður og bak Yoga Latin Fit

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Undercovers



Skemmtilegir og spennandi þættir um hjón sem starfa sem njósnarar. Að þessu sinni eltast Steven og Samantha við peningafalsara og Steven neyðist til að vinna með bróður sínum en lengi hefur andað köldu á milli þeirra.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlit hefst 06.40 Veðurfregni
06.50 Bæn 07.03 Vitt og breitt 07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni og auglýsingar 13.00 Hringtölur 14.03 Bak við stjórnum 15.03 Útvarpsáttal: Úr Bernskunni 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Gimni, grúsk og glóriur 23.05 Lostafullu listræninginn 23.45 Málstofan 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

11.20 Dalziel and Pascoe 12.10 Dalziel and Pascoe
12.55 Deal or No Deal 13.35 Deal or No Deal
14.10 Whose Line Is It Anyway? 14.35 Whose Line Is It Anyway?
15.00 Only Fools and Horses 15.50 Doctor Who 16.35 New Tricks 17.25 Deal or No Deal
18.00 Deal or No Deal 18.40 Only Fools and Horses
19.30 Little Britain 20.00 Catterick 20.30 Torchwood
21.20 The Office 21.55 Whose Line Is It Anyway?
22.20 Whose Line Is It Anyway? 22.45 New Tricks
23.35 EastEnders 00.05 Little Britain 00.35 Catterick

DR 1

12.00 DR1 Dokumentaren. 100 dage uden stoffer
13.00 Den store dag 14.00 DR Update - nyheder og vejr
14.10 Jamie Olivers skolemad 15.00 Noddy
15.10 Rasmus Klump 15.15 Byggemand Bob
15.30 Ni-Hao Kai Lan 15.55 Johannas husdyr
16.00 Landsbyhospitalet 16.50 DR Update - nyheder og vejr
17.00 Jamie Olivers eget køkken 17.30 TV Avisen med Sport
18.05 Aftenshowet 19.00 Jamie Olivers skolemad
20.00 TV Avisen 20.25 Horisont
20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot
22.35 OBS 22.40 Robin Hood

NRK1

12.35 Ein dag i Sverige 12.45 Glimt av Norge
13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 FBI
14.00 NRK nyheter 14.10 Dällas 15.00 NRK nyheter
15.10 Lyngbø og Hærlands Big Bang 16.00 NRK nyheter
16.10 Skispor fra 1952 til 1982 16.40 Oddasat - nyheter på samisk
16.55 Nyheter på tegnspråk
17.00 Førkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.45 Puls
19.15 Kjendisbarnevakt 19.55 Distriktsnyheter
20.30 Koselig med peis 21.30 Håkon & Haffners byggeklosser
22.00 Kveldsnyt 22.15 Kalde spor

SVT 1

09.30 Gomorron Sverige 10.15 Landet runt 11.00 Rapport
11.05 Sportspegeln 11.35 Sverige! 12.05 Vaxdockan
13.40 Hipp Hipp 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport
15.05 En idiot på resa 15.55 Minuten 16.55 Sportnytt
17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter
17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturnyheterna 18.15 Regionala nyheter
18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Klass 9A
19.30 Dom kallar oss artister 20.00 Cynkologen i Askim
21.00 Sexualkunskap 21.30 Hotellpraktikanterna
22.00 Sherlock

Léttu lundina og njóttu stundarinnar

Nýr fiskréttaseðill Gallery Restaurants
3ja rétta frá 6.590 kr. og 4ra rétta frá 7.900 kr.

Velkomin!



Gallery Restaurant - Hótel Holt - Bergstaðastræti 37 - sími 552 5700 - gallery@holt.is - holt.is

FORSÍÐA

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKID Í HEIMSÓKN


Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, fréttar og myndskaiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útlit, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

m.visir.is

Fáðu Vísi í símann og í iPad!



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

VÍSIR.IS



„Ég er núna fóst í Dexter. Ég var svolítið lengi að komast inn í þetta æði og trúði ekki að þetta væri gott. En núna eru þetta tveir þættir á hverju kvöldi.“

Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Of Monsters and Men.

Þorrablót slegin af hjá íþróttafélögum

„Stóru þorrablótin virðast bara vera að saga alla til sín og svo er þessi mánuður eflaust sá erfiðasti hjá mörgum, fólk að borga niður jólin,“ segir Haraldur V. Haraldsson, framkvæmdastjóri íþróttafélagsins Víkings.

Víkingar neyddust til að slá af þorrablótíð hjá sér vegna ónógrar þátttöku en það hefur verið fastur liður í starfsemi félagsins undanfarin ár. Víkingar eru þó ekki eina íþróttafélagið á höfuðborgarsvæðinu sem neyddist til að grípa til þessara aðgerða því bæði Fram og FH urðu að gera slíkt hið sama.

Haraldur segir að þorrablótíð hafi átt að halda þarsíðasta föstudag en Víkingar hafi neyðst til að hætta með dags fyrirvara. „Þetta hafa verið svona 80-100 manna þorrablót og við höfum séð þetta sem tækifæri til að sam-



LÍTILL ÁHUGI Þorrablót íþróttafélaga hafa lengi verið vinsæl í félagsstarfi landsmanna. Þrjú stór íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu neyddust hins vegar til að slá af sínar veislur vegna áhugaleysis.

eina okkar félagsmenn og gefa þeim tækifæri til að hittast undir öðrum formerkjum,“ segir

Haraldur og viðurkennir að þetta hafi komið svolítið á óvart, herrakvöld Víkings hafi til að mynda slegið öll met.

Haraldur vill ekki meina að þetta sé mikið fjárhagslegt tap fyrir félagið, auðvitað komi alltaf eitthvað inn í kassann fyrir félagið en það sé ekki aðalatriðið. „Og kannski var þetta bara aðeins of dýrt, það kostaði ellefu þúsund krónur fyrir hjónin og það var ef til vill of mikið.“

Kristinn Rúnar Jónsson, framkvæmdastjóri Fram, staðfesti að Framarar hefðu þurft að hætta við þorrablótíð hjá sér fyrir skemmstu. Og hann segir það bagalegt fyrir fjárfloflun félagsins. „En þetta eru eflaust bara erfiðari tímar hjá fólki og það er ugglást harðara í ári hjá mörgum núna.“ -fgg

FRÉTTIR AF FÓLKI

Frammistaða tónlistarkonunnar **Lára Rúnarsdóttir** á Eurosonic í Hollandi er sögð einn af hápunktum hátíðarinnar á síðu breska tónlistartímaritsins Clash. Þar segir að Lára sé heillandi listamaður og útlit hennar og klæðnaður hennar hafi fangað athyglina undir eins. Lögin hennar hafi verið bæði létt og skemmtileg og gaman hafi verið að dansa við þau. Lára er að hefja upptökur á sinni fjórðu plötu og er hún væntanleg síðar á þessu ári.



Síðasta sýning á söngleiknum **Dísu ljósálfi** var í Austurbæ fyrir skemmstu. Höfundur sýningarinnar, **Páll Baldvín Baldvínsson**, hefur sett á hilluna áform um að frumsýna söngleikinn Chess í Hörpu í sumar. Þess í stað hefur hann ráðið sig til Kvikmyndaskóla Íslands þar sem hann er nú titlaður deildarstjóri yfir handrita- og leikstjórnardeild. Páll situr eftir sem áður í stjórn skólans. Áfram er stefnt að því að setja söngleikinn Chess upp en þangað til það verður að veruleika munu kvikmyndagerðarmenn framtíðarinnar njóta leiðsagnar Páls Baldvins.



-fb, hdm

HULDA GÚSTAFSDÓTTIR: ÞETTA ER MÖGNUM MARKAÐSSETNING

Íslenski hesturinn í einum vinsælasta tölvuleik heims

„Þetta er náttúrulega alveg mögnuð markaðssetning,“ segir Hulda Gústafsdóttir, annar eigandi Hestvits, sem sér meðal annars um útflutning á hestum.

Íslenski hesturinn skaut upp kollinum í Facebook-leiknum FarmVille í lok janúar. FarmVille er einn vinsælasti tölvuleikur heims, en um sextíu milljónir manna um allan heim spila hann reglulega, sem eru um tíu prósent af notendum Facebook. Í leiknum sér fólk um rekstur bóndabæjar með öllu sem því fylgir, en samskipti við aðra Facebook-notendur eru stór hluti af leiknum. Notendur geta keypt íslenska hestinn fyrir sérstakan FarmVille-gjaldeyri, geymt hann í sýndarhesthúsi og ræktað gæðinga sem þeir geta deilt með öðrum notendum leiksins.

Hulda hafði ekki heyrt um landvinninga íslenska hestsins í netheiminum þegar Fréttablaðið náði í hana en taldi að þeir myndu skila sér í góðri kynningu. „Ég myndi ætla það,“ segir hún. „Auðvitað skiptir máli í hvernig sambengi hesturinn er í leiknum. Ef hann er sýndur í jákvæðu og góðu ljósi er þetta náttúrulega frábær auglýsing.“

Íslenskur búfénaður nýtur vaxandi vinsælda erlendis, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu. Íslenski fjárhundurinn var kynntur á einni stærstu hundasýningu heims í Bandaríkjunum í lok síðasta árs og fjölmörg bóndabýli rækta íslenskt sauðfé, hunda og meira að segja hænur. Ýmsum brögðum er beitt til að markaðs-



TÖLVULEIKJAGÆÐINGAR Tugir milljóna spilara Facebook-leiksins FarmVille geta fengið sér íslenskan hest og ræktað gæðinga. Hulda Gústafsdóttir segir þessa markaðssetningu afar jákvæða.

setja náttúruauðlindir landsins og skemmst er að minnast þess þegar umboðsmaður íslenska hestsins var skipaður, til að halda utan um hagsmunir hans á erlendri grundu. Hulda segir FarmVille-ævintýri íslenska hestsins vera óbeina markaðssetningu. „Það virkar alltaf vel þegar ekki er augljóst að verið sé að auglýsa. Þá verða hlutirnir þekktir og fólk þekkir þá þegar það sér þá næst,“ segir hún.

atlifannar@frettabladid.is

DÚ SPARAR 5.000,- Á ÁRI MED ÞVI AD VERA ÁSKRIFANDI!!

ANDRÉS ÖND

52 blöð á ári, nýtt blað í hverri viku!
Þú getur gerst áskrifandi núna á www.andresond.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMR/EDAN

MEIRI MENNING

vísir.is

Fitulítill nýjung!

Léttar í bragði

E. FINNSSON

Fiskréttir

Frá 990 kr/kg

Humar 2000 kr/kg

Súr Hvalur

Skötuselur roðlaus/beinlaus 1990 kr/kg

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Útgefandi lærir íslensku í HÍ

Útgefandinn og tónlistarmaðurinn **Óttar Felix Hauksson** hefur í mörg horn að líta. Auk þess að skipuleggja stórtónleika í tilfni sjötugsafmælis Bobs Dylan í Hörpunni eins og Fréttablaðið greindi nýlega frá, stundar hann fullt nám í íslensku við Háskóla Íslands.

„Ég er langelstur. Kjarninn eru krakkar sem eru fjórutíu árum yngri,“ segir Óttar Felix um íslenskunámið en hann er 61 árs. Óttar lauk námi í matvæla- tæknifræði í Danmörku árið 1988 og rak í framhaldinu verksmíðjuna Kjarnavörur í ellefu ár. Eftir það söðlaði hann um og stofnaði útgáfufyrirtækið Zonet. Hann hefur haft mikinn áhuga á íslensku í mörg ár og fannst rétti tímapunkturinn að hefja námið núna í haust. „Ef maður setur málband á borðplötu, hefur það 85 til 90 cm langt, er með puttann á sextíu og kikir hvað er eftir þá er það bara stubbur. Þannig að maður verður að nýta tímann vel og gera það sem mann langar að gera og hafa gaman af lífinu,“ segir hann. „Ég



Í **ÁRNAGARÐI** Óttar Felix á heimavelli íslenskunnar innan um handritin í Árnagarði þar sem hann stundar sitt nám.

hef alltaf haft mjög gaman af bæði íslenskri málfræði og íslenskum bókmenntum.“

Óttar er fullviss um að námið eigi eftir að nýtast vel í tónlistarút-

gáfunni, bæði í sambandi við kynningarefni sem hann sendir til fjölmiðla og textann sem hann skrifar inn í hin ýmsu plötuumslög.

-fb

LAGERSALA

RÝMUM TIL Á LAGERNUM - KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

40-80%

afsláttur tveir dagar eftir!

Mikið úrval af vetrarfátnaði, golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barnafátnaði o.fl.

Verðdæmi	verð áður	verð nú
3 laga jakkar	37.990-	18.900-
3 laga buxur	37.990-	18.900-
Golfjakkar	19.990-	9.900-
Golfregnbuxur	22.990-	12.900-
Útivistarjakkar	24.990-	9.900-
Barnaúlpur	17.990-	7.900-
Skiðabuxur barna	13.990-	6.900-
Skiðaúlpur 2 laga	29.990-	14.900-
Skiðabuxur	22.990-	9.900-
Soft-shell barnapeysur	14.990-	2.900-
Barnagallar	11.990-	5.900-
Barnaregnjakkar	10.990-	4.900-
Regnbuxur	12.990-	4.900-
Soft-shell jakki	15.990	3.900-

OPNUNARTÍMAR

Mánudaginn	7. feb.	kl. 12-20
Þriðjudaginn	8. feb.	kl. 12-20

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is

ZO-ON
ICELAND
www.zo-on.is



FRÉTTIR AF FÓLKI

Kronkron og Kalda í Köben

Tískuvikan í Kaupmannahöfn er nú að renna sitt skeið á enda. Sölusýningin CPH Vision er hluti af tískuvikunni og hefur íslensk hönnun vakið mikla athygli þar að þessu sinni. Kaupendur á vegum frönsku verslunarinnar Collette sýndu hönnun Sonju Bent mikinn áhuga og skó- og fatalína Kron By Kronkron hefur vakið mikla athygli. Systurnar **Rebekka og Katrín Alda Rafnsdætur** voru og afskaplega ánægðar með athyglina sem hönnun þeirra hefur fengið í Kaupmannahöfn. Ný lína frá merki þeirra Köldu, sem ber heitið Rjúfland, fékk góðar undirtektir og má búast við tíðindum af landvinningum þeirra fyrr en síðar.

- sm



Torres og Suarez

Vistaskipti Spánverjans Fernando Torres, sem fór frá Liverpool til Chelsea fyrir metfé í síðustu viku, hefur ótrúlegustu áhrif á daglegt líf margra. Þeirra á meðal er **Einar Örn Einarsson**, annar eigenda veitingahúsakeðjunnar Serrano og fastur penni á Liverpool-bloggsíðunni vinsælu kop.is, sem nefndi köttinn sinn Torres í höfuðið á hejgunni sinni þegar hún var enn í uppáhaldsliðinu. Einar hefur nú endurskírt köttinn Suarez, eftir framherjanum frá Uruguay sem ætlað er að taka sæti Torres í Liverpool-liðinu, og mun kisi vera hæstánægður með breytinguna enda heyrir hann vist lítinn mun á nöfnunum tveimur.

- kg



Mest lesið **VÍSIR.IS**

- 1 Barnið sýndi að allt væri í lagi með þumlinum
- 2 Bannað að stunda kynlíf vegna lágrar greindarvísitölu
- 3 Þú gætir endað uppi allsber
- 4 „Þýska ófreskjan“ komin til Íslands
- 5 Ríflega tvær milljónir fyrir að hakka Google Chrome

Office1

Fyrirtækjþjónusta

ÓDÝR

REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI
550 4111

Fyrirtækjþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is


30 TIL 70%

SÍÐUSTU DAGAR!

GRAND HAVEN
(Queen size 153x203 cm)

Fullt verð
309.880 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
199.800 kr.



GRAND HAVEN

- 7 sveðaskipt svefnsveði
- 5 sveðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsveði er úr þrýstijöfnunar-svampi og latexi sem skorid er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans

AC-PACIFIC

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Einginn hreyfing milli svefnsveða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð



AC-PACIFIC
(Queen size 153x203 cm)

Fullt verð
213.800 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
149.660 kr.

AMELIA
(Queen size 153x203 cm)

Fullt verð
149.700 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
97.305 kr.



AMELIA

- 5 sveðaskipt svefnsveði
- 3 sveðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Studningur við bak
- Tíhert sévaldið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

rekkjan